

**1102. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 20. apríl 2020 og
hófst hann kl. 08:05.**

Fundinn sátu:

Arna Lára Jónsdóttir aðalmaður, Marzellíus Sveinbjörnsson varaformaður og
Daníel Jakobsson formaður.

Embættismenn:

Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi, Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri og Bryndís
Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

Fundargerð ritaði: Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

Vegna Covid-19 fer fundur fram í gegnum Zoom fjarfundabúnað.

Dagskrá:

1. Dagskrár og verkefni bæjarráðs - 2019050047

Farið yfir verkefnalista bæjarráðs

Verkefnalisti yfirfarinn.

2. Framlengin tímabundinnar ráðningar sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs - 2020040024

Kynnt minnisblað Bryndísar Óskar Jónsdóttur, bæjarritara, dags. 17.4.2020, um
framlengingu tímabundinnar ráðningar sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs.

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að framlengja ráðningu til eins árs, frá 1.
ágúst nk.*

3. Umhverfis- og eignasvið - Útboð & útboðsgögn 2020 - 2020030081

Lagt er fram bréf Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs,
dagsett 15. apríl 2020, vegna verksins „Leikskólinn Tjarnabær - endurbætur á þaki
og þakkanti“ þar sem lagt er til að samið verði við Vestfirska Verktaka ehf. um
verkið á grundvelli tilboðs þeirra.

*Bæjarráð samþykkir tillöguna með fyrirvara að uppfylltar séu kröfur
innkaupareglna Ísafjarðarbæjar.*

4. Fastís, sala eigna 2019 - 2018120019

Kynnt minnisblað sviðsstjóra umhverfis og eignasviðs Ísafjarðarbæjar, Axels
Rodriguez Överby, dags. 16. apríl 2020, þar sem lagt er til að Fastís, fái umboð
vegna umsýslu og rekstur á óseldum fasteignum í Sindragötu 4,

Bæjarráð samþykkir tillöguna skv. minnisblaði.

Gestir

Axel Rodriguez Överby - 08:45

Axel yfirgefur fundinn kl. 08:50.

5. Dómur Landsréttar mál nr. 567/2019, Hraðfrysthúss Norðurtangi ehf. gegn Ísafjarðarbæ - 2020040022

Lagður fram tölvupóstur Andra Andrasonar, hjá Juris ehf., dags. 7. apríl sl., vegna dóms Landsréttar í máli nr. 567/2019, mál Hraðfrystihúss Norðurtanga ehf., gegn Ísafjarðarbæ.

Dómur lagður fram til kynningar.

6. Málefni kirkjugarða - 2013100065

Lagt fram bréf Magnúsar Erlingssonar, sóknarprests, f.h. stjórnar Kirkjugarða Ísafjarðar, dags. 6. apríl sl., þar sem óskað er eftir því að sveitarfélagið leggi kirkjugarðinum á Réttarholti í Engidal til tvær landspildur svo stækka megi kirkjugarðinn.

Bæjarráð vísar málinu til skipulags- og mannvirkjanefndar.

7. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga - ný greiðsluáætlun 2020 - 2020040015

Lagður fram tölvupóstur Guðna Geirs Einarssonar, f.h. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, dags. 7. apríl sl., vegna óvissu um tekjur jöfnunarsjóðs á árinu 2020.

Lagt fram til kynningar.

8. Kórónaveiran COVID-19 gögn frá Vinnumálastofnun - 2020030054

Kynntur tölvupóstur Guðrúnar Stellsu Gissuarardóttur, f.h. Vinnumálastofnunar, dags. 15. apríl 2020, þar sem teknar eru saman tölfræðiupplýsingar vegna fjölda umsókna til Vinnumálastofnunar um minnkað starfshlutfall og atvinnuleysi á Vestfjörðum

Lagt fram til kynningar.

9. Vestfjarðastofa - ýmis erindi 2020 - 2020040012

Lögð fram til kynningar skýrsla Vestfjarðastofu um smávirkjanir á Vestfjörðum. Skýrslan er dagsett 6. apríl sl.

Málinu vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar.

10. Sjókvíaelði Arctic Sea Farm í Ísafjarðardjúpi - 2017010103

Frummatsskýrsla Arctic Sea Farm vegna 8000 tonna eldis í Ísafjarðardjúpi, frá Jóni Þóri Þorvaldssyni, sérfræðingi hjá Skipulagsstofnun, dags. 8. apríl.

Umsagnarbeiðni og frumrit skýrslu berst með bréfpósti. Umsagnarfrestur til 4. maí.

Bæjarráð vísar málinu til skipulags- og mannvirkjanefndar.

11. Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum - 170 - 2004004F

Lögð fram fundargerð 170. fundar barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum, sem fram fór 7.4.2020. Fundargerðin er í einum lið.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

12. Fræðslunefnd - 415 - 2004005F

Lögð fram fundargerð 415. fundar fræðslunefndar, sem fram fór 6.4.2020.
Fundargerðin er í einum lið.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

13. Íþrótt- og tómstundanevnd - 207 - 2003011F

Lögð fram fundargerð 207. fundar íþrótt- og tómstundanevndar, sem fram fór 1.4.2020. Fundargerðin er í þremur liðum.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

14. Skipulags- og mannvirkjanefnd - 537 - 2004001F

Lögð fram fundargerð 537. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar, sem fram fór 15.4.2020. Fundargerðin er í átta liðum.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

15. Starfshópur um skipulag útivistarsvæða í Tungudal og Seljalandsdal - 6 - 2004003F

Lögð fram fundargerð 6. fundar starfshóps um skipulag útivistarsvæða í Tungudal og Seljalandsdal, sem fram fór 8.4.2020. Fundargerðin er í tveimur liðum.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

16. Umhverfis- og framkvæmdanevnd - 95 - 2003007F

Lögð fram fundargerð 95. fundar umhverfis- og framkvæmdanevndar, sem fram fór 7.4.2020. Fundargerðin er í fjórum liðum.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

16.2 2020010053 - Terra - eftirlit 2020

Umhverfis- og framkvæmdanevnd minnir á að staðið verði við gerða samninga. Umhverfis- og framkvæmdanevnd vísar til bæjarstjórnar breyttri gjaldskrá vegna hærri urðunargjalds og vísitölubreytinga.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:00

Arna Lára Jónsdóttir

Marzellíus Sveinbjörnsson

Daníel Jakobsson

Tinna Ólafsdóttir

Birgir Gunnarsson

Bryndís Ósk Jónsdóttir